



Borðtennissamband Íslands
The Icelandic Table Tennis Association
Íþróttamiðstöðinni Laugardal
104 Reykjavík
Fax: +354 588 8848

Member of:
The Nordic Table Tennis Federation NTTF
The European Table Tennis Union ETTU
The International Table Tennis Federation ITTF

Fundargerð ársþings Borðtennissambands Íslands 2022.

Ársþing Borðtennissambands Íslands 2022 fór fram í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 2. apríl 2022 kl. 15.00.

Dagskrá þingsins er:

- 1) Þingsetning
 - 2) Kjör fundarstjóra og fundarritara.
 - 3) Staðfesta lögmæti fundarins.
 - 4) Kosning kjörbréfanefndar
 - 5) Fara yfir fundargerð síðasta þings.
 - 6) Afhending viðurkenninga.
 - 7) Ávörp gesta.
 - 8) Fráfarandi stjórn gefur skýrslu.
 - 9) Reikningar sambandsins lagðir fram (með álitni skoðunarmanna)
 - 10) Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.
 - 11) Reikningar borðnir undir atkvæði.
 - 12) Fjárhagsáætlun
 - 13) Lagabreytingar
 - 14) Umræður og afgreiðsla á tillögum sem þinginu hafa borist.
 - 15) Kosning stjórnar og varamanna.
 - 16) Kosning skoðunarmanna reikninga.
 - 17) Val fulltrúa á íþróttþing.
 - 18) Önnur mál.
 - 19) Ávarp formanns.
 - 20) Þingslit.
-
- 1) Örn Þórðarson setur þingið og heldur stutt ávarp. Árin sem þessi stjórn hafa verið undarleg vegna Covid-19 heimsfaraldursins. Örn bendir á að 12. nóvember næstkomandi verði sambandið 50 ára.
 - 2) Örn stingur uppá Pétri Marteini sem fundarstjóra og Kára Mímissyni sem fundarritara, það er samþykkt samhljóða.
 - 3) Fundarstjóri tekur við biður og um staðfestingu á lögmæti fundarins. Það samþykkt.
 - 4) Fundarstjóri biður um tilnefningar fyrir einstaklinga í kjörbréfanefnd. Örn tilnefnir Önnu, Kristján og Valdimar. Það er samþykkt samhljóða.
 - 5) Fundarstjóri spyr hvort fundargerð síðasta þings sé staðfest. Fundargerð síðasta þings staðfest samhljóða.

- 6) Fundarstjóri býður Örn formann velkominn í pontu til að veita þeim viðurkenninga. Gullmerki borðtennissambandsins fá Ásta Urbancic, Pétur Stephensen og Ingimar Ingimarsson.
- 7) Fundarstjóri mætir í pontu og býður Hörð Þorsteinsson velkomin í pontu en hann færir kveðju frá framkvæmdarstjórn ÍSÍ. Hörður veitir svo Ástu og Pétur gullmerki ÍSÍ fyrir áratuga langt starf fyrir borðtennishreyfinguna.
- 8) Kári fer yfir skýrslu stjórnar frá ágúst 2020 til 2022.
- 9) Valdimar fer yfir reikninga sambandsins. Valdimar bendir á að lottó styrkurinn hefur hækkað jafnt og þétt síðustu 10 árin eða svo. Fundarstjóri segir að áður en við förum í kosningar á reikningum þá fær fundarstjóri Önnu uppí pontu til að kynna hversu mörg atkvæði eru mætt á svæðið.
- 10) Fundarstjóri opnar umræðu um skýrslu reikninga stjórnarinnar. Auður Tinna spyr um útbreiðslukostnað. Jóhannes svarar því í hvaða styrkir fóru. Gestur og Bjarni hafa farið í kynningar. Mikil útbreiðslukostnaður er líka bókaður sem þjálfun. Pétur Stephensen tekur næst til máls, þakkar fyrir skýrsluna og reikningana og spyr um mál fyrrum gjaldkera. Örn svarar því að allt hafi verið greitt til baka og hann hafi sagt af sér strax í kjölfarið, málið var tilkynnt til lögreglu og ÍSÍ strax. Stjórnin gerði samkomulag við fyrrum gjaldkeran og honum var gert að greiða vexti til baka. Komi fram ný gögn í þessu máli er ekkert því til fyrirstöðu að kært verði. Pétur Marteinn tekur af sér fundarstjórnarhattinn og mætir í pontu sem þingfulltrúi. Hann segir að hann hefði sjálfur kært og hefði viljað sjá þetta fara í réttan farveg til að það væri skýrt að svona hegðun væri ekki liðin innan hreyfingarinnar og yrði ekki endurtekin. Kári mætir í pontu og segir þetta mál hafi verið erfitt fyrir stjórnina. Daniel Bergmann og Ársæll þakka fyrir að málið var leyst.
- 11) Fundarstjóri biður um kosningu reikninga. Þeir eru samþykktir einróma.
- 12) Næst á dagskrá er fjárhagsáætlun. Valdimar mætir í pontuna og fer yfir þá. Fundarstjóri opnar á umræðu um fjárhagsáætlun. Pétur Stephensen bendir á að nú séu til miklir peningar og biður um að félögin fái að koma að því í hvað þessir peningar fara. Örn sammála því. Ingimar spyr um afreksmannasjóðinn og af hverju hann sé ekki hærri, hann hafi verið hærri í gegnum tíðina. Valdimar bendir á að hann setji þessi upphæð í afreksmannasjóðinn þar sem hann vinni mikið hjá ÍSÍ og það megi reikna með að þetta lækki á þessu ári. Kristján segist vilja sjá aukið öryggi með peningum sambandsins. Anna og Pétur þessu sammála. Reikna má með betra eftirliti og allir séu meðvitaðir um hvað gerðist. Kristján segir að málin séu í miklu betri málum en þetta var í stjórn. Ingimar leggur til að hækka útbreiðslukostnaðinn í 4 milljónir. Jóhannes fagnar henni. Jón Gunnarsson tekur undir þetta. Pétur sammála og vill líka hækka ferðakostnað. Sigurjón fagnar þessu. Kristján stingur uppá að hækka útbreiðslukostnað í 5 milljónir. Það er samþykkt. Rætt um ferðakostnaðinn en Pétur Stephensen leggur til í að hækka hann í 8 milljónir. Kári bendir á að þetta sé mikil kostnaðaraukning. Daniel er með spurningu um laun fyrir leikmenn. Kári svarar því að BTÍ hafi styrkt leikmenn sem hafa flutt til útlanda. Ársæll bendir á að þetta sé bara áætlun. Hann vill sjá að fleiri fái möguleika á að því að fara í þessar ferðir. Jóhannes sammála Ársæli. Jóhannesi segir að 5 milljónir séu miklir peningar. Pétur bendir á við séum að koma úr Covid og ekki hafa verið farið á mót eins mikið undanfarin ár. Örn bendir á að með þessu erum við að samþykkja að reka sambandið með 2 milljóna tapi. Pétur Marteinn sammála því að gefa fleirum möguleika á að ferðast. Tillagan er felld. Ásta spyr um hvort sé einhver plön um fyrir afmæli sambandsins í fjárhagsáætlun. Örn bendir á að þetta sé verkefni nýrar stjórnar að halda afmæli. Ársæll spyr um árhátið sambandsins og hvort það sé ekki vel við hæfi. Jóhannes vill vísa þessu til stjórnar. Jón Gunnarsson segir að hann vilji nota 50 ára afmælið sem kynningu á íþróttinni. Vísað til næstu stjórnar, það er samþykkt. Pétur Marteinn leggur til við næstu stjórn hvort hægt verði að sjá fjárhagsáætlun fyrra þings á næstu þing, segir að þetta sé aðeins hugleiðing frá honum. Daniel segir frá sínu verkefni stuttlega. Pétur Marteinn segir það vera verkefni næstu stjórnar, Ársæll sammála. Áætlunin samþykkt einróma. Stutt kaffipása er þá tekin.
- 13) Lagabreytingar. Fundarstjóri fær þá Örn í pontu sem ætlar að kynna nokkrar lagabreytingar frá fráfarandi stjórn. Lagt er til að borðtennisþing verði haldið á hverju ári og ekki heil stjórn kosin á hverju þingi. Hugmyndin er að reyna fá meiri samfellu í stjórnarstarfið. Lagt er til bráðabirgða ákvæði um fyrirkomulag til að ná þessu í gegn. Ingimar er ánægður með tillöguna. Jón er sáttur

með þetta líka. Pétur Steph er ánægður og Ásta líka. Auður Tinna styður þessa tillögu en spyr um hlutverk stjórnar og hvernig því yrði háttáð. Jóhannes bendir á að í lögunum stendur að stjórnin skiptir með sér hlutverkum. Fundarstjóri leggur til að kjósa um allar þessar lagabreytingar saman. Þetta er samþykkt einróma. Örn kemur aftur í pontu og kynnir næstu lagabreytingu. Hugmyndin er að auðvelda félögum utan að landi að taka þátt á borðtennisþingi. Kristján spyr um aðra tillögu varðandi félög utan að landi geti enn greitt þrjú atkvæði með einum kjörmanni. Pétur Marteinn segir að honum þykir allt í lagi að hafa bæði opið. Pétur bendir á að fundir virki alltaf betur þegar allir séu á svæðinu. Ásta segist vera sammála Kristjáni. Ásta vill kjósa um það að ef þetta er samþykkt að þá skoða hvort $\frac{2}{3}$ þingsins vilji þá taka þann part út. Ársæll þykir þetta óskýrt og sér ekki að kosningar gangi upp með hluta á netinu og hluta á svæðinu. Örn bendir á að þetta sé útfærsluatriði. Ársæll segir að þessu sé ekki nógu skýrt háttáð. Hannes Guðrúnarson segir að þetta vera prýðilega tillögu en segir það óskýrt að hafa þetta með þessum hætti varðandi 1 manneskja 3 atkvæði. Jóhannes segir að honum þygi gott að hafa þetta opið. Kristján segir að hér sé verið að ræða kjörbréf og því eigi þetta ekki að vera opið til túlkunar. Ingimar spyr hvort að sá sem er á fjarfundarbúnaði geti farið fram með 3 atkvæði. Jóhannes segir svo vera. Örn bendir á að nú þegar sé búið að samþykkja að þing sé á hverju ári sé það auðveldara að breyta lögunum. Jóhannes bendir á að enginn utan að landi sé á svæðinu og við séum að reyna auðvelda fyrir fólki af landsbyggðinni að sækja þingið. Valdimar bendir á að ef þingið yrði haldið á Akureyri þá gætu þau samt setið heima eins og þetta er orðað. Anna segir að við höfum heilt ár til að komast að því hvernig við ætlum að útfæra þessa breytingu. Kosið um tillöguna. Tillagan er felld þar sem $\frac{2}{3}$ voru ekki sammála.

- 14) Jóhannes kynnir siðareglur BTÍ. Stjórn BTÍ samþykkti siðareglur á þessu kjörtímabili og Jóhannes kynnir þær og hegðunarviðmið BTÍ sem hafa verið samþykkt af stjórn. Jóhannes hvetur til að stjórnir félaganna samþykki hegðunarviðmið BTÍ. Fundarstjóri opnar á umræðuna. Jóhannes vill að þetta sé staðfest af þinginu formlega og að það sé sátt um þetta mál. Daniel spyr hvort þetta sé til á ensku. Örn svarar því að ÍSÍ sé með svipaðar siðareglur til á ensku. Siðareglur og hegðunarviðmið BTÍ er samþykkt samhljóða.
- 15) Kosningar á stjórn á varamönnum. Auður Tinna kosinn nýr formaður BTÍ. Ingimar býður sig fram, Kári býður sig fram, Sigurjón og Anna. Ákveðið er að Kári og Anna í eitt ár og hinir í tvö. Pétur Stephensen, Bæring Jóhann og Jón Gunnarsson kosnir í varastjórn. Jón vill vera þriðji varamaður. Kastað er uppá hver verður fyrsti varamaður. Pétur vinnur uppkastið og er fyrsti varamaður og Bæring 2. varamaður.
- 16) Kosning skoðunarmanna reikninga. Kristján og Árni lagðir til. Það er samþykkt.
- 17) Íþróttaping og val fulltrúa þar vísað til næstu stjórnar.
- 18) Önnur mál. Pétur Stephensen. Pétur er með tvö mál. Pétur leggur til að liðin verði skipuð 2 leikmönnum á næsta ári í 1. deild kvk. Hitt málið er að ef þú hefur komist 2. flokk getur þú ekki fallið út. Pétur leggur þessi mál fram til umræðu. Jóhannes svarar fyrra málinu með að hann hafi spurt um þetta á viðhorfskönnun sem hann lagði fram. $\frac{2}{3}$ vildu halda 3 saman í liði. Örn bendir á að þetta hafi verið mikið rætt hjá fráfaramandi stjórn. Örn reyndi að fá tillögur frá mörgum og en fékk ekki mikið til baka. Jón spyr hvort hægt sé að búa til gulrót fyrir félögin ef þau geta fjölgað konunum. Ársæll segir að síðustu tvö ár hafi verið mjög mögur en á undan því hafi verið lofandi. Hann segist vilja frekar mót heldur en deildarkeppni. Ásta segir að hún vilji hafa þetta eins fyrir kynin en bendir á að sú regla að geta ekki fært leikmann eins auðveldlega milli liða sé vandinn. Anna segir að það sé greinilega að það þurfi að gera eitthvað. Anna vill hafa tvær í hverju liði. Örn segir að það hafi verið að skoða hvort við getum skráð bestu stelpurnar okkar í efstu deild í Noregi. Jóhannes segist vera sammála þessu sem Ásta sagði. Kári biður um að skoða hvernig þetta er gert annars staðar. Mikið rætt hér um kvennaborðtennis. Örn leggur til að fundurinn vísi því til stjórnar að gera kvennastarf betra og breiðara. Ársæll er er fastur á þeirri skoðun að viðhorfskönnun geti ekki gefið sömu niðurstöðu. Ásta hvetur félögin til að huga extra vel að þessum mála. Jón tekur í sama streng. Ingimar segir að þetta sé eitthvað sem verði að vinna betur í og þetta hafi gengið illa hjá þeim í BH. Elvar og Anna segjast best að ná í nýja iðkendur með því

að fara beint í skólana. Með seinna málið þá er Jóhannes til í að hafa það í viðhorfskönnun. Ásta segir að hægt sé að halda mót í alls konar flokkum og ekki þurfi að binda við 2. og 1. flokki. Kristján spyr hvað listinn sé notaður í. Því er svarað. Pétur bendir á að listinn sé notaður við að ákveða kjörfulltrúa og hvort ekki eigi að breyta þessu. Anna segir að ekki hafi verið hafi listinn verið uppfærður lengi og þetta hafi áhrif á í hvaða flokk fólk er í. Anna sendi öllum formönnum póst að skrá alla í Felix. Ásta hvetur til þess að landsleikur verði taldir. Kári svarar. Pétur Marteinn skorar á á nýja stjórn að skrifa sögu sambandsins á 50 ára afmælinu. Jón Gunnarsson spyr um úrslitakeppnina og afhverju hún er svona langt frá slitum á deildarkeppninni. Þessu komið til næstu stjórnar. Pétur vill minnast Ragnars Ragnarssonar og Brynjólfs Þórissonar sem féllu frá á árinu. Piotr Hermann spyr um listann og hvenær þau detta út af. Ásta svarar. Piotr Hermann hvetur öll félög til að halda mót.

- 19) Auður Tinna nýr formaður heldur smá ræður og þakkar traustið og segist vera stollt af því að vera fyrsta konan til að verða formaður sambandsins. Auður lagði meðal annars áherslu á það í ávarpi sínu að kjöri loknu að hún vildi halda áfram að styðja við og auka hlut stúlkna og kvenna innan hreyfingarinnar
- 20) Þingi slitið.